

55

13. gr.

20. maí

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsu-spillandi íbúðum, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt, fyrr en því ákvæði er fullnægt. Húsnæðismálastjórn ráðstafar framlögum ríkissjóðs í þessu skyni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari skýrgreiningu á því, hvað telja skuli íbúð og meiri háttar viðbyggingar, sbr. 6. gr., a-lið.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn III. kafli laga nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaptúnum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

56

21. maí

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Noregs.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. maí 1955.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.